# Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Ársreikningur samstæðu og móðurfélags 2019

Keilir, miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs ehf.
Grænásbraut 910
262 Reykjanesbær

kt. 500507-0550

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar ........ | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda ........ | 4 |
| Rekstrarreikningur ........ | 6 |
| Efnahagsreikningur ........ | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit ........ | 9 |
| Skýringar ........ | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 97,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 456 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Félagið er í viðræðum við íslenska ríkið og sveitarfélögin á Suðurnesjum um kaup þeirra á öllu hlutafé félagsins í Fasteignafélaginu Keili ehf.

Í ársbyrjun 2019 skrifaði stjórn KAA undir samning um kaup á öllu hlutafé Flugskóla Íslands ehf.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Verði verulegur dráttur á bata í rekstrarumhverfi félagsins gæti þurft að koma til aukið fjármagn til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Sjá nánar í skýringu 13.

Hlutafé félagsins er 314 millj. kr. skv. samþykktum en engin breyting varð á því á árinu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 24 millj. kr. Hlutafé í árslok skiptist á 13 hluthafa og fækkaði um 1 á árinu. Hluthafar félagsins eru:

| | Kennitala | Nafnverð | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 600169-2039 | 80.000 | 27,60% |
| Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum | 640479-0279 | 65.000 | 22,42% |
| Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. | 701006-0970 | 46.482 | 16,03% |
| HS Orka hf. | 680475-0169 | 35.000 | 12,07% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 551298-3029 | 35.000 | 12,07% |
| Reykjanesbær | 470207-1160 | 15.000 | 5,17% |
| Kaupfélag Suðurnesja svf. | 680169-1019 | 10.000 | 3,45% |
| Bláa lónið hf. | 490792-2369 | 2.000 | 0,69% |
| Íslenskar orkurannsóknir | 600503-4050 | 1.000 | 0,34% |
| Icelandair Group hf. | 631205-1780 | 100 | 0,03% |
| Starfsmannafélag Suðurnesja | 611200-3230 | 100 | 0,03% |
| Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis | 680269-5729 | 100 | 0,03% |
| Verslunarmannafélag Suðurnesja | 690269-0669 | 100 | 0,03% |
| | | 289.882 | 100,0% |

Samkvæmt samþykktum félagsins skal hagnaði félagsins varið til rekstrar og innri vaxtar félagsins og er arðgreiðsla ekki heimil.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar, frh.:

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. staðfesta hér með samstæðu- og móðurfélagsársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 27. maí 2020

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu og móðurfélags Keilis, miðstöðvar, fræða og atvinnulífs ehf. („samstæðan og móðurfélagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningur samstæðu og móðurfélags ("ársreikningurinn") hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir samstæðuna og móðurfélagið.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar og móðurfélagsins 31. desember 2019 og afkomu samstæðunnar og móðurfélagsins og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2019 í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábending vegna COVID-19

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 13 í ársreikningnum og umfjöllun í skýrslu stjórnar þar sem kemur fram að það er veruleg óvissa um áhrif Covid-19 heimsfaraldurs á rekstur móðurfélagsins. Tekjur félagsins hafa dregist saman og óvíst hvenær þær aukast aftur. Ef ástandið varir yfir ákveðinn tíma og aðgerðir stjórnenda ná ekki fram að ganga þá bendir það til verulegrar óvissu sem getur haft í för með sér vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi þess.

### Ábending vegna viðskiptavildar

Eins og kemur fram í skýringu 1 d. og skýringu 7 í ársreikningnum þá er eignfærð, í samstæðureikningnum, viðskiptavild sem gert er ráð fyrir að verði afskrifuð á 10 árum. Gangi áætlanir stjórnenda dótturfélagsins um að tryggja rekstrarhæfi þess ekki eftir gæti það leitt til frekari niðurfærslu hennar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningi móðurfélags og samstæðu

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreiknings móðurfélags og samstæðu í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið eða samstæðuna upp eða hætta starfseminni, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningi móðurfélags og samstæðu hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar eða móðurfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna og félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings móðurfélags og samstæðu í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi móðurfélags og samstæðu eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbær, 27. maí 2020

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | Samstæða 2019 | Samstæða 2018 | Móðurfélag 2019 | Móðurfélag 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur af kennslu og rannsóknum ....................... | | 1.306.430 | 992.591 | 380.585 | 433.708 |
| Þjónustutekjur húsnæðis .................................. | | 70.589 | 25.138 | 70.589 | 28.361 |
| Styrkir og aðrar tekjur ........................................ | | 101.549 | 128.818 | 91.469 | 153.083 |
| | | 1.478.568 | 1.146.547 | 542.643 | 615.153 |
| Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla ........ | 2 | 713.970 | 641.011 | 374.151 | 387.739 |
| Annar rekstrarkostnaður .................................... | | 709.607 | 415.343 | 220.474 | 124.543 |
| | | 1.423.576 | 1.056.354 | 594.625 | 512.282 |
| **Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði** ............................... | | 54.992 | 90.192 | ( 51.982) | 102.871 |
| Afskriftir ............................................................ | 3 | ( 164.736) | ( 104.589) | ( 18.623) | ( 18.399) |
| **(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármagnsliði** .......................................... | | ( 109.745) | ( 14.397) | ( 70.605) | 84.471 |
| Vaxtatekjur ........................................................ | | 1.165 | 3.153 | 284 | 710 |
| Vaxtagjöld og verðbætur .................................... | | ( 47.146) | ( 19.216) | ( 2.498) | ( 4.771) |
| Gengismunur ..................................................... | | ( 3.301) | ( 10.077) | 92 | 246 |
| | | ( 49.281) | ( 26.139) | ( 2.122) | ( 3.815) |
| **Áhrif dótturfélaga** ............................................. | 7 | 0 | 0 | ( 24.897) | ( 110.145) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** ........................................... | | ( 159.026) | ( 40.536) | ( 97.624) | ( 29.488) |
| Tekjuskattur ....................................................... | 9 | ( 6.937) | 11.048 | 0 | 0 |
| **Tap ársins** ......................................................... | 7 | ( 165.963) | ( 29.488) | ( 97.624) | ( 29.488) |

# Efnahagsreikningur 31.12.2019

| | Skýr. | Samstæða 2019 | Samstæða 2018 | Móðurfélag 2019 | Móðurfélag 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| Viðskiptavild ........................................................ | | 220.929 | 0 | 0 | 0 |
| Stofnkostnaður .................................................. | | 41.126 | 13.652 | 31.918 | 1.588 |
| Óefnislegar eignir | 4 | 262.055 | 13.652 | 31.918 | 1.588 |
| | | | | | |
| Fasteignir ........................................................... | | 821.882 | 414.079 | 3.180 | 3.248 |
| Flugvélar og flugvélaíhlutir ................................. | | 639.087 | 599.341 | 0 | 0 |
| Áhöld, tæki og húsgögn ..................................... | | 103.047 | 139.467 | 42.207 | 46.538 |
| Rekstrarfjármunir | 5,6 | 1.564.016 | 1.152.887 | 45.387 | 49.786 |
| | | | | | |
| Eignarhlutir í dótturfélögum ............................... | | 0 | 0 | 335.550 | 26.236 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum ........................ | | 90 | 90 | 0 | 0 |
| Áhættufjármunir | 7 | 90 | 90 | 335.550 | 26.236 |
| | | | | | |
| Fastafjármunir samtals | | 1.826.162 | 1.166.629 | 412.855 | 77.610 |
| | | | | | |
| Birgðir ............................................................... | | 12.349 | 26.697 | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur ................................................... | | 95.245 | 25.017 | 2.929 | 5.120 |
| Kröfur á tengda aðila .......................................... | 11 | 283 | 395 | 230.955 | 238.800 |
| Aðrar skammtímakröfur ..................................... | | 28.866 | 29.239 | 699 | 1.661 |
| Handbært fé ...................................................... | 1j | 6.386 | 37.806 | 717 | 5.644 |
| Veltufjármunir samtals | | 143.130 | 119.155 | 235.301 | 251.225 |
| | | | | | |
| **Eignir samtals** | | 1.969.292 | 1.285.784 | 648.156 | 328.835 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2019

| | Skýr. | Samstæða 2019 | Samstæða 2018 | Móðurfélag 2019 | Móðurfélag 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé ............................................................... | | 289.882 | 290.382 | 289.882 | 290.382 |
| Yfirverðsreikningur ............................................ | | 187.603 | 187.103 | 187.603 | 187.103 |
| Lögbundinn varasjóður ..................................... | | 13.333 | 13.333 | 13.333 | 13.333 |
| Endurmatsreikningur ......................................... | | 334.852 | 0 | 334.852 | 0 |
| Ójafnað eigið fé ................................................ | | ( 415.254) | ( 272.184) | ( 369.808) | ( 272.184) |
| Eigið fé samtals | 7,8 | 410.416 | 218.634 | 455.862 | 218.634 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding ..................................... | 9 | 93.680 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir .................................... | | 408.212 | 224.829 | 20.400 | 73 |
| Kaupleigusamningar ......................................... | | 79.698 | 0 | 0 | 0 |
| Skuld við hluthafa ............................................. | | 0 | 155.483 | 0 | 0 |
| Langtímaskuldir samtals | 10 | 487.910 | 380.312 | 20.400 | 73 |
| Skuldir við lánastofnanir .................................... | | 75.229 | 13.282 | 45.083 | 13.282 |
| Viðskiptaskuldir ................................................. | | 209.112 | 67.977 | 48.404 | 27.825 |
| Skuldir við tengda aðila ..................................... | 11 | 138 | 167 | 25.929 | 23.349 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda ................. | 10 | 122.040 | 33.923 | 2.473 | 437 |
| Skattar ársins .................................................... | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir ................................... | | 45.504 | 44.235 | 33.063 | 32.044 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur ................................ | 1l | 525.263 | 527.254 | 16.942 | 13.192 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 977.286 | 686.839 | 171.894 | 110.128 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 1.558.875 | 1.067.150 | 192.294 | 110.201 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.969.292 | 1.285.784 | 648.156 | 328.835 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

| | Skýr. | Samstæða 2019 | Samstæða 2018 | Móðurfélag 2019 | Móðurfélag 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Tap samkvæmt rekstrarreikningi ........................ | 8 | ( 165.963) | ( 29.488) | ( 97.624) | ( 29.488) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir ........................................................ | 3 | 164.736 | 104.589 | 18.623 | 18.399 |
| Gengismunur og verðbætur skulda ............... | | 9.380 | 7.076 | 0 | 1.161 |
| Tekjuskattur .................................................. | 9 | 6.937 | ( 11.048) | 0 | 0 |
| Tap (hagnaður) af sölu rekstrarfjármuna ......... | | 14.695 | ( 81.406) | 0 | ( 98.989) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga ................... | 7 | 0 | ( 0) | 24.897 | 110.145 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 29.785 | ( 10.277) | ( 54.103) | 1.227 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) ............................... | | 21.368 | ( 10.968) | 0 | 0 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun ............. | | ( 41.784) | ( 5.468) | 3.793 | ( 643) |
| Skammtímaskuldir, hækkun .......................... | | 36.622 | 10.988 | 21.599 | 13.167 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting .............. | | ( 40.402) | 121.964 | 3.750 | ( 384) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 24.196) | 116.515 | 29.142 | 12.140 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 5.588 | 106.238 | ( 24.962) | 13.367 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum .......................... | 5 | ( 25.118) | ( 113.042) | ( 5.554) | ( 19.379) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna ....................... | 5 | 40.429 | 5.170 | 0 | 0 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum ...................... | 4 | ( 15.000) | 0 | ( 15.000) | 0 |
| Fjárfesting í dótturfélagi .................................... | 15 | ( 78.631) | 0 | 0 | 0 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting ........................... | | 0 | 4.089 | 7.845 | 12.992 |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 78.320) | ( 103.782) | ( 12.709) | ( 6.387) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Innborgað hlutafé ............................................... | 8 | 25.000 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán ......................................... | 10 | 99.206 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána og kaupleigusamn. ....... | 10 | ( 144.924) | ( 48.700) | ( 1.637) | ( 11.151) |
| Viðskiptastaða við tengda aðila, breyting ............ | | 83 | 31 | 2.580 | ( 14.013) |
| Skammtímaskuldir, breyting .............................. | | 61.946 | 13.282 | 31.800 | 13.282 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 41.312 | ( 35.387) | 32.744 | ( 11.881) |
| **Lækkun á handbæru fé ................................** | | ( 31.420) | ( 32.931) | ( 4.926) | ( 4.901) |
| **Handbært fé í ársbyrjun ..............................** | | 37.806 | 70.738 | 5.644 | 10.544 |
| **Handbært fé í árslok ....................................** | | 6.386 | 37.806 | 717 | 5.644 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum .......................... | | 0 | ( 17.275) | 0 | 0 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum ...................... | 4 | ( 24.000) | 0 | ( 24.000) | 0 |
| Skammtímaskuldir, hækkun ............................... | | 0 | ( 183.346) | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán ......................................... | 10 | 24.000 | 360.621 | 24.000 | 0 |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna ....................... | | 0 | 95.000 | 0 | 495.000 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting ........................... | | 0 | ( 5.206) | 0 | ( 245.206) |
| Leiðrétting á yfirverði hlutabréfa ........................ | | 0 | 97.503 | 0 | 97.503 |
| Afborganir langtímalána .................................... | | 0 | ( 347.297) | 0 | ( 347.297) |
| Eignfærðir kaupleigusamningar ......................... | 5 | ( 133.053) | 0 | 0 | 0 |
| Kaupleigusamningar .......................................... | 10 | 133.053 | 0 | 0 | 0 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Grundvöllur reikningsskila*

Ársreikningur Keilis miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að því undanskildu að fasteign félagsins er nú í fyrsta sinn færða á endurmetnu kostnaðarverði, sem var gangvirði hennar í árslok.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

### b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Rekstrarfjármunir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem tilgreindar eru á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi sem gilti á viðskiptadegi.

### c. *Innlausn tekna*

Tekjur af þjónustusamningum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Skólagjöld tekjufærast við innritun nemenda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### d. *Óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Á meðal óefnislegra eigna er færður kostnaður við þróun námsefnis vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra, skimunarkerfi vegna inntöku nýnema, kaupverð undirbúningsnáms fyrir læknisfræði og viðskipavild tengd kaupum á Flugskóla Íslands ehf. Fyrirhugað er að gjaldfæra kostnaðinn vegna náms á fimm árum en viðskiptavildina á tíu árum.

### e. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar annars vegar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð og hins vegar í samræmi við flugstundir. Fasteign er færð á gangvirði í árslok.

### f. *Dótturfélög*

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

### g. *Eignarhlutir í félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrýrnunar þessara félaga.

### h. *Birgðir*

Birgðir samstæðunnar eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Um er að ræða rekstrarvörubirgðir flugvéla og öryggisbúnað nemenda.

### i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

**j. *Handbært fé***

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**k. *Frestaður tekjuskattur***

Samkvæmt samþykktum Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. er tilgangur félagsins að verja hagnaði og sjóðum félagsins til rekstrar og innri vaxtar. Komi til þess að hagnaði eða sjóðum verði úthlutað til annarra verkefna utan félagsins skal einungis um að ræða verkefni sem teljast í þágu almannaheilla. Uppfyllir félagið því skilyrði þess að bera takmarkaða skattskyldu.

Önnnur félög innan samstæðunnar eru tekjuskattsskyld.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar.

Útreikningur skatteignar byggist á yfirfæranlegu tapi og mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en reikningsskilum. Skatteign er aðeins færð að því marki sem líklegt er að talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

**l. *Fyrirframinnheimtar tekjur***

Tekjur af kennslu sem innheimtar hafa verið og tilheyra síðari tímabilum eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur.

## 2. Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla

Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 |
| Laun ........................................................ | 397.279 | 367.708 | 247.950 | 243.368 |
| Launatengd gjöld .................................... | 83.733 | 77.661 | 51.940 | 51.686 |
| Aðkeypt kennsla ...................................... | 232.957 | 195.642 | 74.262 | 92.685 |
| Laun, launat. gj. og aðk. kennsla samt. .... | 713.970 | 641.011 | 374.151 | 387.739 |
| Ársverk .................................................... | 50 | 54 | 27 | 32 |

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 29,4 millj. kr. á árinu 2019, en tveir framkvæmdastjórar voru á launum hluta ársins. Á árinu 2018 námu laun til framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 21,5 millj. kr.

## 3. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna ........................ | 126.983 | 102.123 | 9.953 | 17.529 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna ................. | 37.753 | 2.466 | 8.671 | 871 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir ........ | 164.736 | 104.589 | 18.623 | 18.399 |

## 4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og gjaldfærsla þeirra greinist þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir 1.1.2019 ........................................................................ | 13.652 | 1.588 |
| Viðbætur á árinu ......................................................................................... | 286.156 | 39.000 |
| Gjaldfært á árinu ......................................................................................... | ( 37.753) | ( 8.671) |
| Óefnislegar eignir 31.12.2019 .................................................................... | 262.055 | 31.918 |

## 5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| Samstæða: | Fasteignir | Flugvélar og flugvélaíhlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2019 | 414.487 | 824.065 | 258.223 | 1.496.776 |
| Viðbót vegna FÍ | 0 | 0 | 20.000 | 20.000 |
| Viðbætur á árinu | 5.696 | 144.057 | 8.418 | 158.171 |
| Endurmat fasteignar | 418.565 | 0 | 0 | 418.565 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 8.943) | ( 68.092) | ( 7.320) | ( 84.356) |
| Millifærðar afskriftir | ( 7.339) | 0 | 0 | ( 7.339) |
| Heildarverð 31.12.2019 | 822.465 | 900.030 | 279.321 | 2.001.817 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 408 | 224.724 | 118.756 | 343.889 |
| Viðbót vegna FÍ | 0 | 0 | 3.500 | 3.500 |
| Afskrifað á árinu | 7.515 | 64.239 | 55.230 | 126.983 |
| Afskrift færð út | 0 | ( 28.020) | ( 1.212) | ( 29.232) |
| Millifærðar afskriftir | ( 7.339) | 0 | 0 | ( 7.339) |
| Afskrifað samtals 31.12.2019 | 584 | 260.943 | 176.274 | 437.801 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2019 | 414.079 | 599.341 | 139.467 | 1.152.887 |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 821.882 | 639.087 | 103.047 | 1.564.016 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 4 - 25% | 8 - 30% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | 25 ár / flugst. | 3 - 13 ár | |

| Móðurfélag: | Fasteignir | Flugvélar og flugvélaíhlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2019 | 3.383 | 0 | 93.162 | 96.545 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 0 | 5.554 | 5.554 |
| Heildarverð 31.12.2019 | 3.383 | 0 | 98.715 | 102.099 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 135 | 0 | 46.623 | 46.759 |
| Afskrifað á árinu | 68 | 0 | 9.885 | 9.953 |
| Afskrifað samtals 31.12.2019 | 203 | 0 | 56.508 | 56.711 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2019 | 3.248 | 0 | 46.538 | 49.786 |
| Bókfært verð 31.12.2019 | 3.180 | 0 | 42.207 | 45.387 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | | 10 - 33% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | | 3 - 10 ár | |

## 6. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteignar nam samtals 608,5 millj. kr. í árslok 2019 (2018: 485,2 millj. kr.). Á sama tíma var brunabótamat fasteignar samtals 1.773,2 millj. kr. (2018: 1.446,4 millj. kr.). Vátryggingarverð flugvéla nam 735,8 millj. kr. í árslok 2019 (2018: 615,4 millj. kr.). Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja, húsgagna og tölvubúnaðar nam 741,4 millj. kr. í árslok 2019 (2018: 685,1 millj. kr.).

## 7. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög sem færð eru í samstæðureikninginn eru eftirtalin:

| | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Áhrif í rekstur | Bókfært verð |
| Keilir Aviation Academy ehf. | 85% | ( 26.236) | 0 |
| Fasteignafélagið Keilir ehf. | 100% | 1.338 | 335.550 |
| Orkurannsóknir ehf. | 100% | 0 | 0 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum 31.12.2019 | | ( 24.897) | 335.550 |

Þessu til viðbótar á Keilir Aviation Academy ehf. (KAA) alla hluti í Flugklúbbi HJ ehf., Reykjavíkurflugvelli. KAA á jafnframt 50% eignarhluta í F.L.Y ehf., Grænásbraut 910. Óveruleg starfsemi er hjá þessum tveimur félögum og eru þau því ekki hluti af samstæðureikningi Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. sbr. 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Auk þess á KAA alla hluti í Flugskóla Íslands hf. og er það hluti af samstæðureikningi KAA og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

Keilir Aviation Academy ehf. og Orkurannsóknir ehf. voru bæði rekin með tapi á árinu 2019 sem var umfram bókfært verð eignarhluta í þeim í bókhaldi Keilis.

Þar sem hlutdeild móðurfélagsins í tapi dótturfélaga var meiri en sem nemur bókfærðu verði þeirra var bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt þar sem móðurfélagið hefur ekki gengist í ábyrgðir fyrir þau eða innt af hendi greiðslur vegna þeirra.

Tap Keilis Aviation Academy ehf. nam 93,5 millj. kr. á árinu 2019 og í árslok var eigið fé félagsins neikvætt um 42,3 millj. kr. Áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir að aukið fé þurfi til reksturs félagsins á næstu mánuðum og er unnið að lausn í samstarfi við viðskiptabanka og stjórn. Gangi þær áætlanir ekki eftir getur það bent til verulegrar óvissu um rekstrarhæfi þess. Meðal eigna félagsins er viðskiptavild vegna kaupa á Flugskóla Íslands og nemur bókfært verð hennar í árslok 220,9 millj. kr. Gert er ráð fyrir að viðskiptavildin verði afskrifuð á 10 árum, en gangi áætlanir stjórnenda ekki eftir gæti það leitt til frekari niðurfærslu.

| | 2019 |
|---|---|
| Tap ársins hjá móðurfélagi | ( 97.624) |
| Ófærð hlutdeild móðurfélags í Keili Aviation Academy ehf. | ( 67.298) |
| Ófærð hlutdeild hjá Orkurannsóknum ehf. | ( 1.041) |
| Tap ársins hjá samstæðu | ( 165.963) |

| | |
|---|---|
| Eigið fé móðurfélags í árslok | 455.862 |
| Neikvætt eigið fé dótturfélaga | ( 45.446) |
| Eigið fé samstæðu í árslok | 410.416 |

## 8. Eigið fé

Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

| | 2019 |
|---|---|
| Hlutafé samkvæmt samþykktum | 314.000 |
| Eigin hlutabréf 7,68% | ( 24.118) |
| Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi | 289.882 |

Þrotabú Base ehf. lét félaginu eftir sinn hlut í Keili sem var 500 þús. kr. að nafnverði.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Annað bundið eigið fé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 | 290.382 | 200.436 | ( 272.184) | 218.634 |
| Fengin eigin bréf | ( 500) | 500 | | 0 |
| Endurmat fasteignar | | 334.852 | | 334.852 |
| Tap ársins | | | ( 97.624) | ( 97.624) |
| Eigið fé 31.12.2019 | 289.882 | 535.789 | ( 369.808) | 455.862 |

Annað bundið eigið fé sundurliðast þannig:

| | Yfirverðs-reikningur | Endurmats-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 | 187.103 | | 13.333 | 200.436 |
| Fengin eigin bréf | 500 | | | 500 |
| Endurmat fasteignar | | 334.852 | | 334.852 |
| Eigið fé 31.12.2019 | 187.603 | 334.852 | 13.333 | 535.789 |

## 9. Tekjuskattskuldbinding / skatteign

Tekjuskattskuldbinding / skatteign félagsins greinist þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 |
| Færð skattskuldbinding í ársbyrjun | ( 3.030) | ( 11.048) | 0 | 0 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | ( 64.450) | 11.048 | 0 | 0 |
| Skatteign niðurf. vegna óvissu | ( 26.200) | 0 | 0 | 0 |
| Tekjuskattskuldbinding í árslok | ( 93.680) | 0 | 0 | 0 |

Tekjuskattskuldbinding / skatteign félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | ( 89.121) | ( 3.487) | 0 | 0 |
| Kaupleigusamningar | ( 4.101) | 0 | 0 | 0 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 532) | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptavild | ( 4.748) | 0 | 0 | 0 |
| Eignahlutar í öðrum félögum | 0 | ( 50) | 0 | 0 |
| Aðrir liðir | ( 50) | 0 | 0 | 0 |
| Gengismunur | ( 688) | ( 1.867) | 0 | 0 |
| Yfirfæranlegt tap | ( 59.682) | ( 33.640) | 0 | 0 |
| Skatteign niðurf. vegna óvissu | 65.243 | 39.044 | 0 | 0 |
| Tekjuskattskuldbinding í árslok | ( 93.680) | 0 | 0 | 0 |

Gjaldfærður tekjuskattur ársins greinist þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Breyting á skattskuldbindingu | ( 6.937) | 11.048 | 0 | 0 |
| | ( 6.937) | 11.048 | 0 | 0 |

## 10. Langtímaskuldir

| Yfirlit um langtímaskuldir: | Samstæða 2019 | Samstæða 2018 | Móðurfélag 2019 | Móðurfélag 2018 |
|---|---|---|---|---|
| Langtímaskuldir í upphafi árs | 414.235 | 442.536 | 509 | 357.797 |
| Viðbót vegna FÍ | 75.000 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | 256.259 | 360.621 | 24.000 | 0 |
| Afborganir ársins | ( 144.924) | ( 395.997) | ( 1.637) | ( 358.448) |
| Gengismunur og verðbætur | 9.380 | 7.076 | 0 | 1.161 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 609.950 | 414.235 | 22.873 | 509 |
| *Skuldir við lánastofnanir:* | | | | |
| Óverðtryggð lán | 116.324 | 509 | 22.873 | 509 |
| Verðtryggð lán | 162.104 | 0 | 0 | 0 |
| Lán í EUR | 224.062 | 253.343 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | ( 94.279) | ( 29.023) | ( 2.473) | ( 437) |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 408.212 | 224.829 | 20.400 | 73 |
| *Kaupleigusamningar:* | | | | |
| Samningar í ISK | 107.460 | 0 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | ( 27.762) | 0 | 0 | 0 |
| Eignaleigusamningar samtals | 79.698 | 0 | 0 | 0 |
| *Skuldabréfalán:* | | | | |
| Skuld við Þróunarfélagið | 0 | 160.383 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | 0 | ( 4.901) | 0 | 0 |
| Skuld við Þróunarfélagið samtals | 0 | 155.483 | 0 | 0 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afb. | 609.950 | 414.235 | 22.873 | 509 |
| Næsta árs afborganir, sbr. skýring 11 | ( 122.040) | ( 33.923) | ( 2.473) | ( 437) |
| Langtímaskuldir skv. efnahagsreikningi | 487.910 | 380.312 | 20.400 | 73 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | Samstæða 2019 | Samstæða 2018 | Móðurfélag 2019 | Móðurfélag 2018 |
|---|---|---|---|---|
| Árið 2019 | 0 | 33.923 | 0 | 437 |
| Árið 2020 | 122.040 | 33.560 | 2.473 | 73 |
| Árið 2021 | 79.519 | 33.487 | 2.400 | 0 |
| Árið 2022 | 81.719 | 33.487 | 2.400 | 0 |
| Árið 2023 | 61.913 | 33.487 | 2.400 | 0 |
| Árið 2024 | 38.356 | 33.487 | 2.400 | 0 |
| Síðar | 226.403 | 212.805 | 10.800 | 0 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afb. | 609.950 | 414.235 | 22.873 | 509 |

## 11. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félagi eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Dótturfélög teljast einnig tengdir aðilar.

## 11. Tengdir aðilar, frh.:

### Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 |
| **Sala á vöru og þjónustu:** | | | | |
| Hluthafar félagsins ................................ | 0 | 2.000 | 0 | 2.000 |
| Dótturfélög og hlutdeildarfélög ............... | 0 | 0 | 61.473 | 47.766 |
| | 0 | 2.000 | 61.473 | 49.766 |
| **Kaup á vöru og þjónustu:** | | | | |
| Hluthafar félagsins ................................ | 14.903 | 1.834 | 4.029 | 1.590 |
| Dótturfélög og hlutdeildarfélög ............... | 0 | 0 | 48.733 | 0 |
| Félög í eigu annarra tengdra aðila ........... | 5.095 | 1.262 | 0 | 291 |
| | 19.998 | 3.096 | 52.762 | 1.881 |

**Staða:**

Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig í árslok:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Dótturfélög og hlutdeildarfélög ............... | 0 | 395 | 230.955 | 238.800 |
| | 0 | 395 | 230.955 | 238.800 |

Skammtímaskuldir við tengda aðila greinast þannig í árslok:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hluthafar félagsins ................................ | 29 | 97 | 29 | 0 |
| Dótturfélög ............................................... | 138 | 167 | 25.929 | 23.349 |
| | 167 | 264 | 25.958 | 23.349 |

## 12. Kennitölur

Helstu kennitölur greinast þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall ...................................... | 0,15 | 0,17 | 1,37 | 2,28 |
| Eiginfjárhlutfall ....................................... | 0,21 | 0,17 | 0,70 | 0,66 |
| Innra virði hlutafjár .................................. | 1,42 | 0,75 | 1,57 | 0,75 |

## 13. Atburðir eftir uppgjörsdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur félagsins verði umtalsverð m.a. vegna heimköllunar ríkja heims á erlendum nemendum og samdráttar í umferð um Keflavíkurflugvöll. Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé unnt á þessum tímapunkti að leggja mat á áhrif þessa á félagið ljósi framangreindrar óvissu sem og óvissu um hver endanleg viðbrögð stjórnvalda munu verða. Félagið hefur á síðustu vikum brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með uppsögn starfsmanna, nýtt sér boðuð úrræði ríkistjórnar Íslands varðandi hlutastörf og seinkun gjalddaga opinberra gjalda auk þess að leitast við að lækka rekstrarkostnað félagsins. Verði verulegur dráttur á bata í rekstrarumhverfi félagsins gæti þurft að koma til aukið fjármagn til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.

## 14. Önnur mál

Félagið hefur gert leigusamning við Heimavelli XIV ehf. um íbúðir fyrir nemendur. Samningurinn er tímabundinn og getur félagið fyrst sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara þann 1. apríl 2023. Leigugjöld ársins 2020 munu nema 63,7 millj. kr. ef miðað er við verðlag í árslok 2019.

Félagið hefur gert leigusamning við Fasteignafélagið Keili ehf. um húsnæði fyrir rekstur skólans. Samningurinn er ótímabundinn og getur félagið fyrst sagt honum upp með tólf mánaða fyrirvara þann 1. mars 2029. Leigugjöld ársins 2020 munu nema 53,6 millj. kr. ef miðað er við verðlag í árslok 2019.

Félaið hefur gert leigusamning við Keflavíkurflugvöll ohf. um flugskýli vegna starfsemi Keilir Aviation Academy ehf. á Keflavíkurflugvelli. Samningurinn endurnýjast sjálfkrafa um ár í senn og er heimilt að segja honum upp fyrir 1. október ár hvert. Leigugjöld ársins 2020 munu nema 4,6 millj. kr. ef miðað er við verðlag í árslok 2019.

Keilir Aviaction Academy ehf. hefur gert fjóra rekstrarleigusamninga um flugvélar. Einn samningur er óuppsegjanlegur til þriggja ára. Þrír samningar eru til fimm ára og óuppsegjanlegir fyrstu þrjú árin, fyrst hægt að segja þeim upp í maí 2021. Leigugjöld ársins 2020 munu nema 18,4 millj. kr.

Flugskóli Íslands ehf. hefur gert þrjá leigusamninga við Isavia og Flugverk vegna starfsemi félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Einn er vegna afgreiðsluhúsnæðis og hinir tveir vegna flugskýla. Samningarnir við Isavia eru báðir til tíu ára en samningurinn við Flugverk er ótímabundinn og uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins 2020 munu nema 9,5 millj. kr. ef miðað er við verðlag í árslok 2019.

Flugskóli Íslands ehf. hefur gert leigusamning við Tækniskólann um afnot af húsnæði. Samningurinn er til árslok 2024 og er uppsegjanlegur með eins árs fyrirvara. Leigugjöld ársins 2020 munu nema 2,6 millj. kr. ef miðað er við verðlag í áslok 2019

## 15. Kaup á Flugskóla Íslands ehf.

Í ársbyrjun 2019, keypti félagið öll hlutabréfin í Flugskóla Íslands ehf. Fjárfestingin í eignum Flugskóla Íslands ehf. á kaupdegi sundurliðast sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Viðskiptavild ........................................ | 247.156 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ........................................ | 16.500 |
| Skammtímakröfur ........................................ | 37.198 |
| Handbært fé ........................................ | 6.386 |
| Tekjuskattsskuldbinding ........................................ | ( 3.030) |
| Langtímaskuldir ........................................ | ( 25.000) |
| Skammtímaskuldir ........................................ | ( 117.018) |
| Samtals fjárfesting ........................................ | 162.192 |
| Skuld við seljendur í árslok ........................................ | ( 77.175) |
| | 85.017 |
| Yfirtekið handbært fé ........................................ | ( 6.386) |
| | 78.631 |

# Sundurliðanir

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 |
| **Tekjur af kennslu og rannsóknum** | | | | |
| Skóla- og námskeiðsgjöld | 582.066 | 479.234 | 164.092 | 166.131 |
| Ríkisstyrkir | 245.807 | 281.793 | 216.493 | 267.577 |
| Seldir flugtímar | 478.556 | 231.565 | 0 | 0 |
| | 1.306.430 | 992.591 | 380.585 | 433.708 |
| **Þjónustutekjur húsnæðis:** | | | | |
| Umsýslukostnaður húsnæðis | 100 | 412 | 100 | 412 |
| Leigutekjur | 70.269 | 13.225 | 70.269 | 16.449 |
| Hússjóður v/þrifa | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðgangslyklar, prentkubbar o.fl. | 180 | 356 | 180 | 356 |
| Aðrar tekjur af húsnæði | 40 | 11.144 | 40 | 11.144 |
| | 70.589 | 25.138 | 70.589 | 28.361 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | |
| Söluhagnaður fastafjármuna | 0 | 83.742 | 0 | 98.989 |
| Styrkir | 38.378 | 14.395 | 26.033 | 6.368 |
| Matarsala og önnur sala | 7.318 | 7.315 | 2.590 | 1.585 |
| Húsaleiga og stoðþjónusta | 2.870 | 2.425 | 55.506 | 42.848 |
| Aðrar tekjur | 7.405 | 3.852 | 7.244 | 3.293 |
| Annað | 45.579 | 17.089 | 96 | 0 |
| | 101.549 | 128.818 | 91.469 | 153.083 |
| **Laun og launatengd gjöld:** | | | | |
| Laun | 355.653 | 340.302 | 234.580 | 232.198 |
| Stjórnarlaun | 7.892 | 7.418 | 5.952 | 5.478 |
| Bifreiðastyrkur | 33.734 | 19.989 | 7.417 | 5.692 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 47.789 | 43.712 | 30.192 | 29.135 |
| Sjúkra- og orlofssjóður | 6.232 | 5.487 | 3.551 | 3.577 |
| Tryggingagjald | 29.351 | 28.461 | 18.196 | 18.974 |
| Verktakar - stundakennarar | 233.318 | 195.642 | 74.262 | 92.685 |
| | 713.970 | 641.011 | 374.151 | 387.739 |

## Sundurliðanir, frh.:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | **2019** | **2018** | **2019** | **2018** |
| **Annar rekstrarkostnaður:** | | | | |
| Húsaleiga ........................................................ | 113.876 | 55.778 | 112.765 | 13.819 |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga .............................. | 9.487 | 2.802 | 132 | 2.802 |
| Viðhald fasteigna ............................................... | 4.806 | 2.924 | 420 | 1.056 |
| Annar rekstur fasteigna ..................................... | 15.077 | 20.933 | 1.669 | 12.871 |
| Rekstur bifreiða ................................................. | 11.937 | 13.753 | 2.522 | 3.070 |
| Annar starfsmannakostnaður ............................ | 7.810 | 4.672 | 6.957 | 3.223 |
| Pappír, ritföng, prentun og tímarit ..................... | 3.497 | 2.837 | 1.479 | 1.842 |
| Sími og netkostnaður ........................................ | 4.209 | 3.134 | 2.039 | 2.239 |
| Auglýsinga- og markaðskostnaður .................... | 38.271 | 36.346 | 24.819 | 18.066 |
| Þrif, hreinlætisvörur og sorphirðun .................... | 16.300 | 14.137 | 3.314 | 12.470 |
| Gjaldfærð áhöld og tölvubúnaður ...................... | 7.372 | 6.651 | 4.477 | 5.758 |
| Rekstur tölvu- og upplýsingakerfis .................... | 34.946 | 22.052 | 21.822 | 19.145 |
| Önnur aðkeypt þjónusta .................................... | 28.267 | 21.407 | 10.347 | 7.560 |
| Endurskoðun og sérfræðiþjónusta .................... | 12.694 | 10.878 | 6.130 | 5.472 |
| Annar kostnaður við námsbrautir ...................... | 32.262 | 24.810 | 9.100 | 1.990 |
| Kostnaður við samgöngur ................................. | 2.405 | 3.427 | 1.765 | 1.586 |
| Rekstrarkostnaður flugvéla ................................ | 331.710 | 139.439 | 0 | 0 |
| Aðkeyptur akstur og flutningsk. ......................... | 108 | 0 | 108 | 0 |
| Ferðakostnaður og fundakostnaður ................... | 12.891 | 19.293 | 6.433 | 8.842 |
| Gjafir og framlög ............................................... | 3.010 | 4.241 | 1.283 | 1.197 |
| Tapaðar og niðurfærðar kröfur ........................... | 435 | 246 | 0 | 0 |
| Þjónustugjöld og bankakostnaður ..................... | 1.297 | 95 | 1.297 | 95 |
| Annar rekstrarkostnaður .................................... | 2.246 | 3.152 | 1.597 | 1.440 |
| Tap af sölu fastafjármuna .................................. | 14.695 | 2.336 | 0 | 0 |
| | 709.607 | 415.343 | 220.474 | 124.543 |